

1869.

1869.

12. janúar.

1. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun til 3 utansveitarmanna, er kvaddir voru til að sjá um lækningu fjárins í Grafningshrepp árið 1867.

Í skjali nokkru, er hingað hafði borizt beina leið, hefir Jón Ögmundsson, hreppstjóri í Grafningshrepp í Árnessýslu, fyrir hönd hreppsúa sinna borið sig upp undan því, að 3 menn úr Ölfushrepp hafi verið skipaðir með úrskurðum stiptamtsins, dagsettum 2. desemberm. 1866 og 28. janúarmán. 1867, til þess að sjá um böðun fjárins í Grafningshrepp, þrátt fyrir það þó að til hafi verið að hans hyggju hæfir menn til þessa í Grafningshrepp, og að síðan hafi hreppurinn verið krafinn um 90 rd. handa umsjónarmönnum þessum. Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hafði þær þessu næst, herra stiptamtmaður, skýrt frá í bræfi dagsettu 27. ágústmán. f. á., að það eigi að yðar hyggju að skilja heimild þá, sem amtmönnum er veitt í 2. grein tilskipunarinnar 5. janúarmán. 1866, til að kveðja til menn hreppstjórunum til aðstoðar til þess að koma fram ráðstöfunum þeim, er tilskipunin mælir fyrir um, á þá leið, að aðstoðarmenn þessir verði ekki að eins að hafa þá þekkingu, sem með þarf, en að þeir verði þar á ofan að vera svo áreiðanlegir menn, að háyfirvaldið geti reidt sig á, að skýrslur þeirra sé sannar. En af því að varla verði að öllum jafnaði búizt við, að þeir menn, sem sjálfir eru við málið riðnir, sé svona áreiðanlegir, þá hafði þær veturinn 1866—67, þegar átti að framkvæma ákvarðanirnar í tæðri tilskipun, alstaðar í hverjum þeim hrepp, þar sem kláðinn var, kvadt menn úr öðrum hrepp hreppstjórunum til aðstoðar. Að því er snertir

1869. Grafningshrepp sér í lagi, hafið þér, herra stiptamtmaður, tekið fram, að svo fjærri fari, að nein ástæða hafi verið til að bregða útaf þessari reglu hans vegna, að hann hafi einmitt veturinn 1866—67 reynzt óáreiðanlegri en nokkur annar hreppur í suðuramtinu, og að Grafningsmenn hafi þar á ofan gjört þeim tveimur umsjónarmönnum, sem skipaðir voru úr Ölfushrepp í desembermánuði 1866, svo erfitt fyrir, að það hafi orðið nauðsynlegt að bæta þriðja umsjónarmanninum við.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að, þó að það geti verið vafasamt, hvort skilningur sá á ákvörðuninni í 2. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866, sem þér fylgið fram, sé réttur almennt, þá hlýtur dómsmálastjórnin að álíta eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar, að í því tilfelli, sem hér er um að ræða, hafi verið ástæða til að kveðja til utansveitarmenn til að hafa umsjón með heilbrigðisástandi fjárins í Grafningshrepp og böðun þess. Samkvæmt þessu verður Grafningshreppur ekki leystur undan að gjalda kostnað þann, sem af því hefir leidd, en hins vegar skal leyft eptir atvikum, að gjaldinu sé skipt niður á 2 ár, þannig að helmingurinn verði greiddur á manntalsþingunum vorið 1869 og hinn helmingurinn á manntalsþingunum vorið 1870.

12. janúar. **2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands.**

Konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga 1867 hefir sent hingað bænarskrá frá alþingi um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu ásamt eptirriti af kafla úr álitsskjali konungsfulltrúa, og er þess farið á leit í bænarskránni:

1) að stjórn konungs mætti halda áfram samninga tilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi um fiskiveiðar